

MORGUNPÓSTURINN 21. APRÍL 1982

Guðrún S. Jónsdóttir, skipar efsta sæti á Kvennaframboðslistinn í Reykjavík.

Undanfarið höfum við rætt hér í þættinum við efstu menn á list þeirra flokka sem fram bjóða til borgarstjórnar hér í Reykjavík í vor. Áður höfum við rætt við fulltrúa Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks og það er þessi sigilda fyrsta spurning:

Hver eru þau mál helst, sem þið á lista kvennaframboðsins setjið á oddinn í þeirri kosningabaráttu sem nú fer í hönd hér Reykjavík?

Það má kannski segja að það séu þau mál sem hafa verið kölluð "kvennamál" fram að þessu litið með lítilsvirðingu á það, en stefnuskráin ber þess merki að hún er unnin af konum og tekur sérstaklega mið af þeirri reynslu og þeirri menningu, sem við teljum að við konur höfum yfir að búa og að einmitt þeir þættir hafi litið fengið að njóta sín sem stefnumótandi afl í samféluginu. Við tökum fyrir, sem sagt, í stefnuskránni málaflokk sem mundu væntanlega falla undir það sem hefur verið kallað fjölskyldupólítík. Tökum fyrir þau mál, sem snerta daglegt líf fólks hér í borginni og mörkum þar stefnu sem að, eins og ég sagði áðan, tekur sérstaklega mið af reynslu kvenna. Við leggjum t.d. mikla áherslu á að það náist jafnrétti til starfs og launa milli kynja, að störf kvenna verði metin að verðleikum. Við leggjum mikla áherslu á það að samfélagsleg ábyrgð verði viðurkennd, t.d. í sambandi við uppeldi barna, við ummönnun aldraðra og á öðrum þeim sviðum, sem hefur verið viss tilhneiting að gera að einkavandamálum fólks, án þess að samfélagið komi til móts við þau til að reyna að aðstoða og leysa eftir því sem þörf er á hverju sinni. Ennþá eitt atriði, sem mig langaði að koma inná, sem við leggjum mikla áherslu á, að það er að borgarbúar sjálfir fái miklu meiri möguleika á því að hafa áhrif á borgarmálefni, að frumkvæðið við aðgerðir í borgarmálum og þeim málaflokkum, sem við höfum markað stefnu um sérstaklega, það frumkvæði liggi úti í hverfunum, hjá borgarbúum sjálfum og að þeir búi út sem sagt sina, hvað á að kalla, óskalista kannski, skrá yfir þau málefni sem þeim finnst að sé brýnast að sinna í sínu hverfi, vegna þess að hverfin í borginni

eru mjög misjöfn hvað snertir íbúasamsetningu, þannig að bara það eitt gerir það að verkum að það þarf ekki sömu lausnina í hverju hverfi, það þarf misjafnar lausnir og borgarkerfið þarf að einfalda. Upplýsingastreymi þarf að aukast til borgarbúa, þannig að hver og einn geti auðveldlega fylgst með því hvað er að gerast í borgarstjórn og hvaða mál eru þar til umræðu hverju sinni, en fólk þurfi ekki að standa frammi fyrir því einn góðan veðurdag að það búið að taka ákvörðun um mál sem snertir hverfið og hverfisbúa og skiptir þá miklu máli, án þess að eiginlega haft hugmynd um að slík mál væri á döfinni, eins og við höfum haft dæmi um, sérstaklega nú í vetur kannski, eins og mörgum er sjálfsagt í fersku minni.

Nú hefur því verið haldið fram að mörg af þeim umbótarmálum sem kvennaframboðið leggur áherslu á myndu, ef þau ná fram að ganga, auka skattabyrði á borgarbúum. Hvað viltu segja um þetta?

Ja, það er náttúrlega alveg ... það er ekki því að neita að ef við ætlum að fara að sinna mannlegum þörfum, ef við ætlum að setja manneskjuna í fyrirrúm, þá er það, kostar það peninga, en við teljum líka að við getum sýnt fram á það að ýmislegt í rekstri borgarinnar er rekið á mjög óhagkvæman hátt. Ef við tökum til dæmis málaflokk eins og dagvistarmál, þá hefur það einkennt málaflokk undanfarin ár, að við byggjum geysilega dýr hús, sem kosta óhemju fé í byggini og oft á tíðum hafa sýnt sig að þjóna alls ekki vel því hlutverki, sem þau eiga að gegna. Nýjasta dæmið um þetta er t.d. , raunar ekki í dagvistamálum, heldur í eskulýðsmálum, er, langar mig að nefna eskulýðsheimilið uppi í Árbæ, Ársel. Þetta er sennilega einhver dýrasta bygging sem borgin hefur ráðist í, en eftir því sem við höfum komist næst og þá er þetta húsnæði sem hefði átt að vera allt öðru vísni til að þjóna þeim tilgangi, sem því er ætlað að þjóna. Ýmislegt er hægt að spara og reyna að finna aðrar lausnir bæði í rekstri og uppbyggingu stofnana. Þær þurfa ekki að vera eins dýrar og stofnanalegar eins og þær eru í dag.

En hvers vegna ættu kjósendur að kjósa ykkur fremur en aðra flokka. Það hafa heyrst óréttmætar raddir kannski

sumsstaðar að þetta sé skref aftur á bak til jafnréttis,
kvennaframboðið?

Þetta er náttúrlega spurning sem er erfitt að gefa svar við, en ég vil aðeins undirstrika það að við teljum og getum stutt það með gildum rökum, að hlutur kvenna hefur ekki verið það mikill að í ákvarðanatöku, í þeim málum sem komið er að því að taka ákvarðanir um mikilsverð mál, að hérna, okkar sjónarmið hafa ekki fengið að njóta sín, okkar kvenna, og við teljum að við höfum ýmislegt fram að færa til að bæta heiminn og við ætlum ekki að geysast fram á völlin og ryðja körlum burtu. Við viljum benda á að það er hægt að nota það besta frá körlum og konum og og þeirri menningu sem eru gerð kynbundin að vissu leyti. Það réttlætir þetta kvennaframboð og við teljum að það hafi verið brýn þörf að vekja athygli einmitt á hvað hlutur kvenna hefur verið rýr í málum þar sem er farið að taka ákvarðanir um - ja hluti sem snerta okkur öll.

Telur þú að **kvennaframboðið** geti skipt sköpum um það, hvort núverandi meirihluti haldi velli í kosningunum í vor?

Þetta er nú kannski spurning sem ég treysti mér eiginlega ekki til að svara. Ég held að það sé kjósenda að ákvarða það hver verður hlutur kvennaframboðsins í kosningunum, en ég vona það sannarlega að okkur auðnist að fá það marga fulltrúa inn í borgarstjórn að við getum haft áhrif þar.

Nú er því haldío fram að konur í efri sætum Kvennaframboðslistans séu langt til **vinstri i íslenskum stjórnsmálum**, hvað viltu segja um það?

Ja, ég get ekki svarað fyrir allan listann. Það er sjálf sagt, að þeir sem halda því fram, hafa kíkt í kjörklefana og með einhverjum hætti getið sér til um það að þessar konur hafa kosið. Ég vænti þess að flestar konur á listanum hafi notað kosningarétt sinn í undanförnum kosningum, en mér finnst það ekki vera malið, hvort það sé hægt að benda á einhverja einstaklinga og segja: þessi er til vinstri og þessi til hægri. Það sem við erum að koma fram með eru mál sem við stöndum einhuga um og sem við lítum fyrst og fremst á sem mál kvenna.

Svona að lokum, hvernig leggst þessi kosningabaráttá í þig, verður hún hörð?

Hún leggst mjög vel í mig. Það er búið að vera mikið að gera hjá okkur í kvennaframboðinu, en það hefur líka verið skemmtileg vinna og ég vona að kosningabaráttan verði skemmtileg. Við höfum allavega mikinn hug á því að leggja okkar að mörkum til þess að hún verði skemmtileg.

- Má ég aðeins skjóta inn í - hvað gerið þið ykkur vonir um að koma mörgum fulltrúum í borgarstjórn Reykjavíkur?

Við höfum nú verið með ýmsar getspár um það og þótt kannski dálitið bjartsýnar. Við höfum nefnt töluna einhvers staðar á milli 5 og 11, en það er alltaf gott að vera bjartsýn. Ég myndi geta mér til um það og taka málín hátiðlega, þá myndi ég telja að við ættum að geta komið inn 4-5 fulltrúum.

En hvað um samstarf að kosningum loknum, með hverjum hyggist þið vinna, ef þið komið að einum eða fleiri fulltrúum í borgarstjórn Reykjavíkur?

Við mörkum okkar stefnu fyrst og fremst eftir málefnu m sem upp koma hverju sinni. Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um það á þessu stigi, hvern við styðjum eða hvort við förum í meirihluta samstarf eða ekki. Það er mál sem við viljum ekki taka afstöðu til fyrr en að loknum kosningum, vegna þess að við getum ekki getum ekki getið okkur til nákvæmlega um hvert okkar fylgi verður frekar en aðrir flokkar.

Guðrún Jónsdóttir, efsti maður á lista Kvennaframboðsins bestu þakkir fyrir komuna :;: